

Örn Bárður Jónsson

Minningarorð

+Hilmar Lúthersson

1938-2025

Útför frá Digraneskirkju
föstudaginn 7. mars kl. 13

Friður Guðs sé með okkur.

Drunur í Dalnum, Sniglar á ferð, hjólin standa gljáfægð við Digraneskirkju, prestur fær sér í nefið og messar. Góður siður fólksins sem fer um á vélfákum og kalla sig Snigla. Þau hafa safnast saman hér í Digraneskirkju um árabíl og þá lét "Snigill númer eitt" sig ekki vanta.

Hann er mættur enn á ný, en nú í hinsta sinn - og kvaddur af fjölskyldu og fjölda vina.

Snigill númer eitt!

Snigill er merkileg skepna - en orðið skepna er komið af sköpun - hann ferðast með húsið sitt. Líkja má húsbýlafólki við snigilinn. Snigill fer sér ekki óðslega, er varkár og vel varinn af kuðungi sínum, sem er sterkur enda flókið verkfræðiundur að efni til, gerð

og lögun. Það var því vel til fallið að nefna Bifhjólasamtök lýðveldisins, Snigla.

Hilmar var trúaður maður, segir fjölskylda hans og bætir við - *mjög* trúaður. Hann fór með kvöldbænir og átti sínar stundir einn með Guði. Hann byggði sig upp með því að fara í kirkju eða hlusta á útvarpsmessur, bað bænir fyrir sér og sínum, vissi sig hluta af hinu stóra samhengi tilverunnar og "var æðrulaus í öllu."

Við erum sköpun Guðs og eigum að rækta samband okkar við upprunann. "Hvað segirðu gott, skepnan mín!" sagði amma föður míns gjarnan við hann sem dreng og klappaði honum á kinn. Hún leit á hann sem sköpun Guðs, skepnuna sína.

Í okkur er helgidómur og hann er í brjósti okkar. Þennan helgidóm kallaði íslenskur prestur á 12. öld, *brjóstkirkju*. Í brjósti okkar er rými fyrir hið heilaga.

Vit okkar er þrískipt. Við höfum *rökvit* sem er í heilanum, *brjóstvit* sem býr nærri hjartanu og svo *kviðvit* sem er neðar í kroppnum.

Tökum sérstaklega eftir orðinu brjóstkirkja, henni má e.t.v. líkja við kuðung í brjósthóli okkar og þar býr hjartagæska og hreinleiki sálar, enda er kirkjan sú helgidómur - eins og aðrar kirkjur - og þar á að ríkja birta og fegurð. Og þennan helgidóm þarf að fylla með orði Guðs og anda. Sniglar aka ekki án anda, án lofts, sem blandast eldsneytinu og lætur það brenna og leysa orkuna úr læðingi. Það þarf anda til að lifa, lífsanda og líka helgan anda himinsins ef lífið á að vera það sem því var ætlað frá upphafi veraldar. Við erum líkami sál og andi.

Í kuðungi þeim sem í brjóstinu býr, þarf að vera líf, þarf að vera andlegur snigill, sem finnur til og skynjar hið stóra samhengi alls sem er, finnur samkennd með öllu lífi, með friði og réttlæti.

Hilmar Fjeldsted Lúthersson hét hann fullu nafni og fæddist í Reykjavík 26. ágúst 1938, hann lést á heimili sínu 20. febrúar 2025.

Foreldrar hans voru Marteinn Lúther Salómonsson f. 4. nóvember 1900, d. 17. desember 1988 og Sveinsína Oddsdóttir f. 20. júní 1911, d. 6. október 2008. Systkini hans eru:

Sverrir (samfeðra) f. 1928, d. 2009,
Sigríður f. 1932,
Jóhann f. 1934, d. 2016,
Hreggviður f. 1935, d. 1935 og
Reynir f. 1948, d. 2020.

Eftirlifandi eiginkona Hilmars er Guðmunda Kolbrún Guðmundsdóttir f. 24. apríl 1944. Það var árið 1960 að Hilmar kynntist ástinni sinni. Þau giftu sig 13. janúar 1963 eftir að hafa eignast tvö börn og síðar bættust við önnur tvö.

Fyrsta búskaparárið bjuggu þau í Glaðheimum áður en þau fluttu í Kópavog, þar voru þau lengst af í Lundarbrekku og síðar á Hlíðarvegi 5-A. Þá bjuggu þau í 11 ár á Selfossi áður en þau fluttu í Hafnarfjörð þar sem Hilmar lést.

Börn þeirra eru:

1) Auður Sólveig, fædd 24. október 1961, gift Þorvarði Jóhanni Guðbjartssyni, eiga þau Lilju Kolbrúnu f. 1994, Hilmar Atla f. 1997 og Thelmu Rut f. 2001.
Fyrir átti Þorvarður Jóhann, Guðbjart f. 1979 sem Auður gekk í móðurstað og ól upp.

2) Atli f. 2. október 1962, d. 14. júlí 1998, var hann ógiftur og barnlaus. Blessuð sé minning hans.

3) Sveinn Fjeldsted f. 12. maí 1966, giftur Saadet Özdemir Hilmarsson, eiga þau einn son, Yngvar Efe f. 2010.
Fyrir á Sveinn, Dísu f. 1985 og Ragnar Vilberg f. 1987 með fyrrum sambýliskonu sinni Grétu Ragnarsdóttur og Ágústu Kolbrúnu f. 1990 með fyrrum sambýliskonu sinni Guðrúnu Garðarsdóttur.

4) Hrafnhildur Fjeldsted f. 11. mars 1977, gift Arnari Loga Ásbjörnssyni, eiga þau einn son Hilmar Þórgný Fjeldsted f. 2023.
Fyrir átti Arnar Logi, Sunnevu Maríu f. 1999 og Birni Loga f. 2002 með fyrrum eiginkonu sinni.

Barnabarnabörnin eru orðin sjö talsins.

Hilmar bjó á Veghúsastíg til sex ára aldurs eða þar til fjölskyldan flutti á Hlíðarveg í Kópavogi þar sem hann sleit barnsskónum. Áður hafði fjölskyldan varið sumrunum í Kópavogi. Gekk Hilmar í Kópavogsskóla sem var þá staðsettur að Hlíðarvegi 11.

Hilmar hóf ungur að læra pípulagnir hjá föður sínum uppúr fermingu og var orðinn pípulagningameistari 25 ára. Starfaði hann við þá iðn alla tíð. Fyrstu árin með föður sínum og þar á eftir, hjá Benedikt og Páli í nokkur ár. Þá vann hann með Sigurði Grétari Guðmundssyni um tíma, áður en hann tók til starfa hjá Kópavogsbæ en fór svo eftir það að starfa sjálfstætt.

Snemma vaknaði áhugi hans á mótörhjólum og eignaðist hann sína fyrstu skellinöðru þegar hann var 12 ára gamall árið 1950 og sitt stóra mótörhjóla 1956, þá 18 ára gamall. Var þetta upphafið af ástríðu hans þó hann hafi tekið sér nokkurra ára hlé til að sjá fyrir börnum og búi.

Áhuginn kraumaði áfram í blóðinu og árið 1981 fékk hann sér aftur mótörhjóla. Hann var einn af stofnendum Sniglana, Bifhjólasamtök lýðveldisins árið 1984 og fékk hann félagsnúmerið 1 og nafnbótina „Old timer“ sem breyttist í „Timerinn“ eftir því sem árin liðu. Og tíminn líður.

Hilmar var vel liðinn og virtur í bifhjólasamfélaginu og þau hjól sem hann gerði upp voru eftirsóknarverð.

Eftir því sem árin liðu beindist ástríða hans að gömlum breskum hjólum sem hann gerði upp sem ný. Hið mesta járnadrasl breyttist í skínandi gimstein í bílskúrnum hjá honum. Það lék allt í höndum hans, sama hvað hann tók sér fyrir hendur og var hann natinn og nákvæmur alla tíð.

Sagan um ryðgaða draslið . . . og kerruna . . . Prestur segir frá!

Halldór Sigtryggsson og Hilmar kynntust fyrir rúmum 40 árum en Hilmar hafði keypt sér hjól 1981. Þeir voru nágrennar í Kópavogi og stofnuðu saman Sniglana. Hilmar var alla tíð virkur í félaginu og hjólamaður af lífi og sál. Hann ætlaði að fylgja Göflurum úr hlaði í fyrri sem stefndu suður á Garðskaga og endaði með að hjóla með þeim fram og til baka. Hann var hörku nagli á hjólinu og vann t.d. kvartmíluna tvö ár í röð á sínu Yamaha-hjóli og kominn vel á aldur. Hilmar var 46 ára þegar Sniglarnir voru stofnaðir og ungu mönnunum fannst hann vera kominn ískyggilega nálægt grafarbakkanum - en átti nú þá eftir rúm 40 ár!

Hilmar var ákafur áhugamaður um vélhjól og keypti ein fimm hjól á sjö árum milli 1982 og 1989, öll Yamaha utan eitt Kawasaki sem kom í restina. Uppúr 1990 var áhugi hans vakinn á gömlum, breskum hjólum og fór m.a. á sýningar í Stafford með félögum, til að skoða markað með hjólum og íhlutum og kom heim með varahluti sem komust í hefðbundinn farangur.

Halldór nefndi í mín eyru hve ljúfur Hilmar var í öllum samskiptum en droll þoldi hann illa og snöggur að koma hlutum saman sem lágu í hrúgu og fundu svo allir sitt hlutverk hjá Hilvari völu. Samtali okkar Halldórs lauk með þessum orðum: "Hilmar var yndislegur karl."

Hilmar var hlýr, traustur maður og tryggur, segja nánustu ástvinir hans, yndislegur eiginmaður bætir frúin við. Vildi allt fyrir alla gera. Hann keypti meira að segja hákarl handa konunni þótt hann þyldi ekki þefinn! Hann var ósérhlífinn. Allt lék í höndum hans. Hann var natinn í öllum verkum. Ungur var hann skapmikill en varð ljúfari með aldrinum, en var í senn þrjóskur og viðkvæmur.

Seinustu árin nutu þau hjón þess að dvelja á Kanarí yfir dimmasta tímann sem og að ferðast vítt og breitt um landið á húsbílnum.

Já, fólk sem á húsbíl lifir í anda snigla, ferðast með húsið sitt.

Hringformið í húsi snigilsins er oft túlkað út frá lífsgöngu manna og andlegri þróun. Snigillinn í táknheimi Indíána í Ameríku er t.d. túlkaður á blæbrigðaríkan hátt og þar koma fyrir hugtök eins og *vernd*, *polinmæði*, *hringrás lífsins* og *djúp tengsl við jörðina*.

"Af jörðu ertu kominn. Að jörðu skaltu aftur verða. Af jörðu skaltu aftur upp rísa." Þessi þekktu orð eru höfð yfir við moldun í kirkju eða gröf.

Við erum mold og verðum mold. Allt sem við neytum, hver vatnssopi, hver munnbiti, er jarðnesk fæða, við borðum jörð og erum jörð. Tré hefur rætur og við vitum að rætur sjúga næringu úr jörðinni. Við erum ekki jarðföst sem slík og tökum næringu okkar inn á annan hátt en við lifum samt á jörðinni sem við dönsum á. Við erum ekki jarðföst en við erum jarðtengd.

Hilmar fékk lungnabólgu í desember og var á sjúkrahúsi í nokkra daga. Hann átti að fara í myndatöku átta vikum eftir bata og þá greindist hann með krabbamein í lunga. Fyrir var hann með veilt hjarta sem hlaut hjálp af gangráði en hann hafði farið í hjartaaðgerð fyrr á ævinni og átti sína sjúkrasögu sem endaði með dauða.

Skáldið mikla, Hallgrímur Pétursson, sem í senn skynjaði himinhæðir og hyldýpi, orti sálminn, Um dauðans óvissan tíma. Skáldið minnir á djúp sannindi í 7. vers:

Afl dauðans eins nam krenkja
alla í veröld hér.
Skal ég þá þurfa' að þenkja
hann þyrmi einum mér?
Adams er eðli runnið
í mitt náttúrulegt hold,
ég hef þar og til unnið
aftur að verða mold.

Og meir í 11. vers:

Með sínum dauða' hann deyddi
dauðann og sigur vann,
makt hans og afli eyddi,
ekkert mig skaða kann,
þó leggist lík í jörðu
lífir mín sála frí,
hún mætir aldrei hörðu
himneskri sælu í.

Við erum í tilteknu samhengi. Við erum föst og laus í senn, jarðrætt en með himintengsl.

Við erum hluti vitundar sem spannar allar víddir tilverunnar, allar dýptir og hæðir, fjarlægð og nálægð. Við getum ekki flúið neitt.

"Snigill númer eitt" er enn á ferð og nú í annarri vídd, hvaðan allt líf er komið, víddir geims og náttúra jarðar, menn og málleysingar - og þar með taldir sniglar!

Guð blessi minningu Hilmars Lútherssonar og Guð geymi þig og helgidóm hjarta þíns, brjóstkirkju þína og allt sem þér tengist, um alla eilífð. Amen.

Kveðjur:

Gamall vinur Hilmars óskaði eftir að senda kveðju við útförina. Hilmar Hjartarson heitir hann og er pípulagningameistari.

Samúðarkveðjur frá Þormari No13 í Odense og hans ektakvinnu Helgu Lunu.

Andlátsfréttin á síðu Sniglanna:

<https://sniglar.is/hilmar-luthersson-snigill-1-er-latinn>